

Nd.

110. Nefndarátt

um frv. til laga um afnám landlæknisembættisins og stofnun heilbrigðisráðs.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leitað umsagnar læknadeildar háskólans og landlæknis um það. Álit læknadeildarinnar er prentað hér með sem fylgiskjal, og fellst nefndin í heild á ástæður þær, sem þar eru færðar á móti frv., og ræður háttvirtri deild til að fella það.

Alþingi, 12. mars 1923.

Jón Þorláksson,
form. og frsm.

Magnús Jónsson,
fundaskrifari.

Björn Hallsson.

Gunnar Sigurðsson Magnús Guðmundsson.

Fylgiskjal.

HASKÓLI ÍSLANDS.

LÆKNADEILDIN.

Reykjavík, 6. mars 1923.

Háttvirt allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hefir í brjefi dags. 2. þ. m. æskt umsagnar læknadeildar Háskólans um fyrirkomulag það, sem farið er fram á í frv. til laga um afnám landlæknisembættisins og stofnun heilbrigðisráðs, er nú liggur fyrir Alþingi.

Deildin átti fund með sjer um málið í gær, og svarar því á þessa leið.

Í frv. stjórnarinnar um afnám landlæknisembættisins og stofnun heilbrigðisráðs er gert ráð fyrir því, að landlæknisembættið sje lagt niður, en störfun landlæknis sje skift milli heilbrigðisráðs, sem 3 menn eigi sæti í (hjerads-læknir í Rvík og 2 prófessorar í læknadeild), og stjórnarráðsins. Ætlast er til, að þeir, sem við störfunum taka, vinni þau ókeypis eða því sem næst.

Til þess að geta dæmt um frv. þetta er það óumflýjanlegt að gera sjer glögga grein fyrir, hver þau störf sjeu, sem hvila á landlækni eða ætlast er til, að hann leysi af hendi. Hið gamla erindisbrjef landlæknis frá 1824 er að sjálfsgöðu orðið úrelt og hefði fyrir löngu átt að vera endurnýjað, og skal því ekki frekar um það rætt, en í fáum orðum »fylgir landlæknisembættinu stjórn allra heilbrigðismála«, eins og sagt er í athugasemd við frv. Ef telja skal einstök atriði, þá munu þau vera þessi:

A. *Að forða þjóðinni eftir mætti frá yfirvofandi hættum og heilsutjóni.*

Til þessa má telja:

1. Að hafa sívakandi auga á heilsufari og sóttum í nágrannalöndunum og öðrum stöðum, sem vjer höfum samgöngur við.
2. Að vera sífelt á verði, ef sóttir koma upp innanlands eða önnur veikindi, sem almenningi stafar hætta af, og
3. Að hafa frumkvæði að og leggja ráðin á um sóttvarnir við útlönd og innanlands eða aðrar ráðstafanir gegn yfirvofandi hættu. Einnig að leggja dóm á allar ráðstafanir, sem hjeradslæknar hafa gert, staðfesta þær eða nema úr gildi. Til þessa má og telja eftirlit með bólusetningum, lifnaðarháttum landsmanna, matarhæfi o. fl., sem heilbrigði þeirra kynni að stafa sjerstök hætta af.

B. *Að efla eftir mætti heilbrigði landsmanna og heilsusamlega lifnaðarhætti.* Til þessa má telja:

1. Að auka á alla lund þekkingu almennings á hversu hentust sjeu húsa-kynni, fatnaður og fæði, og benda á það, sem miður fer í þessum efnun eða öðrum lifnaðarháttum manna.
2. Hafa vakandi eftirlit með ljósmæðrum og starfi þeirra, svo og heilsufari ungbarna og meðferð þeirra.
3. Hafa eftirlit með því, að skólaskoðanir hjeradslækna komi að tilætlunum

notum og hversu heilsa barnanna reynist, en leitast jafnframt við að hrinda nauðsynlegum endurbótum í framkvæmd.

4. Að fylgjast með í öllum framförum í heilbrigðismálum, utanlands og innan, og beitast hjer fyrir þeim nýjungum, sem oss mættu helst að haldi koma.

C. Að hafa eftirlit með öllum læknum landsins, störfum þeirra og hversu þeir rækja skyldur sínar. Tekur eftirlit þetta til þess, hversu þeir leysa læknisstörf af hendi, hverjar lyfjabirgðir þeir hafa, hversu áfengissölu þeirra er farið, hvernig bókfærsla þeirra er, hversu þeir hlýða heilbrigðislöggjöf, hversu þeir fylgjast með í sinni fræðigrein, og ýta undir þá, sem þess þurfa, að fara utan eða endurnýja kunnáttu sína á annan hátt, o. fl. Þá ber og landlækni að sjá um, að óhæfir læknar sitji ekki í embættum, einnig að leggja dóm á ýms kærumál á hendur læknum. Enn fremur má vænta þess, að landlæknir sje því vaxinn að leiðbeina læknum á ýmsa lund, hvort heldur sem er í læknisstörfum eða embættisrekstri, og að visu í ýmsu öðru. Undir þennan lið má og telja, að landlækni ber að hafa eftirlit með rekstri allra sjúkrahúsa og hvert gagn þau gera.

D. Að gera tillögur um veitingu læknaþjónu og annara starfa, sem snerta heilbrigðismál, yfirleitt að vera ráðunautur stjórnarinnar í öllum heilbrigðismálum. Þessu fylgir að sjálfsgöðu sá vandi að ákveða stefnu í öllum heilbrigðismálum og framfaraviðleitni þjóðarinnar í þeim efnum, svo að hún stefni fast að settu marki í hverri grein og lendi ekki í sundurleitu fálmi og handaskolum. Þess má og geta, að nú er leitað umsagnar hans um allskonar reikninga, sem læknar, sóttþreinsunarmenn, sjúkrahús o. fl. senda stjórnarráði.

E. Þess má vænta, að landlæknir eigi jafnaðarlega frumkvæði að og undirbúi alla heilbrigðislöggjöf landsins, og verði því að fylgjast sífellt með því, sem erlendis gerist í þeim efnum eða innlend reynsla bendir til.

F. Að landlæknir innheimti skýrslur frá öllum læknum landsins er óhjákvæmilegt, til þess að honum sje sífellt kunnugt um heilsufarið o. fl., en jafnframt verður hann að hafa strangar gætur á, hvort skýrslurnar eru svo sem vera ber eða málamyndarkák, en þetta getur enginn nema reyndur læknir, sem kunnur er öllum málavöxtum. Þá skal hann og gefa út heilbrigðissskýrslur á ári hverju, sem gefi góðar og gildar upplýsingar um heilbrigðisástandið.

Hvort heldur sem nú er litið á erindisbrjefið frá 1824 eða ofanskráða upptalningu á störfum landlækna, sem engan veginn er fullkomin, þá er oss augljóst, að ekkert af þeim, eða því sem næst, er þess edlis, að ólæknafróður maður geti leyst það af hendi. Þvert á móti verðum vjer að álita, að vandinn sje mestur sá, að geta ætíð fundið svo vel mentaðan, reyndan og viðsýnan lækni, svo árvakran, stefnufastan, en jafnframt gættinn og lipran, að hann geti staðið vel í þessari stöðu. Þetta tekst misjafnlega erlendis, þar sem úr þúsundum lækna er að velja. Það fer því að vorum dómi fjarri því, að störfin sjeu »flest þannig, að vel megi leggja þau undir stjórnarráðið«, eins og segir í athugasemd við frumvarpið.

Þá má og strax taka það fram, að eftir því sem vjer vitum best, er landlæknisstarfið nægilegt starf fyrir einn mann, ef því er rækilega gegnt, og of umfangsmikið til þess að bæta því á háskólakennarana, sem hafa margvíslegum störfum að gegna. Afarlangan vinnutíma má ekki ætla honum, því hann þarf að fylgjast vel með í læknafræðum yfirleitt og ekki sist heilbrigðisfræði.

A deildarfundum þann 5. mars voru allir kennararnir algerlega mótfallnir því, að landlæknisembættið væri lagt niður á þann hátt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar taldi deildin þá breytingu til bóta, að kalla mætti saman heilbrigðisráð, er sjerstök vandamál bæri að höndum og stjórnarráði eða landlækni þætti nauðsyn bera til þess. Í ráðinu sætu þá, auk landlæknis, 2 deildarkennarar, og gerði deildin tillögur um, hverjir yrðu skipaðir í það og hverjir varamenn. Deildin taldi það sjálfsagt, að heilbrigðisráð yrði ekki kallað saman nema um þýðingarmikil mál væri að ræða, t. d. viðtækar sóttvarnarráðstafanir, breytingar á heilbrigðislöggjöf og því líkt, því landlæknir væri einfær um að gegna hversdagslegum störfum og bera ábyrgð á þeim.

Guðm. Hannesson,
deildarforseti.

Til

allsherjarnefndar Nd. Alþingis.